- Nei, fullkomnar.
- Of mikið aftúristum sæm ætti að beina í bláa lónið.
- Opna bar.
- Opnunartímar mættu vera lengri um helgar í fleiri laugum.
- Opnunartími stuttur í Grafarvogslaug. Gólf í sturtum oft óhrein. Fæiðulega sveppasýkingu á iljum.
- Opnunartími.
- Skjólveggi.
- Sturtuvenjur sundlaugagesta fyrir sundferð. Mér finnst að sundlaugavörður megi vísa gestum frá laug ef þeir fara ekki eftir þri fareglum.
- Stýra betur þeim sem eru að skoða sig um í lauginn á móti þeim sem eru að synda.
- Sum staðar þarf að tryggja betur hálkuvarnir í bleytu, að börn og eldra fólk þ.e. þeir sem standa ekki traustum fótum þurfi ekki að missa fótanna.
- Sund er of dýrt.
- Sundlaugin er fín, en inngangseyri er of hár.
- Taka stúkuna við Laugardalslaug! Gerir EKKERT GAGN! Voðalega ljót.
- Vantar að hafa starfsmenn í búningklefum þegar börn þurfa að fara ein í klefa.
- Vantar uppá hreinlæti/þrif.
- Verð er hátt.
- Verðið frekar hátt.
- Það er alltof dýrt að fara í sund.
- Það er alltof dýrt að kaupa stakt skipti í sund.
- Það er mjög mikið notaðs undlaugin og stundum mætti þri fin vera betur.
- Það fer allveg að koma tími á að hafa fleiri laugar opnar lengur en bara Laugardalslauginna því hún er oft á tíðum mjög upptekin á þeim tíma :).
- Það vantar innisundlaug með rennibrautum fyrir krakka til að stunda á veturna. Svi það er hægt er að finna í Ásvallalaug í Hafnarfirði.

*Aðeins þeir sem svöruðu að þeir hefðu farið í sundlaugar í Reykjavík á síðastliðnum 12 mánuðum (Sp. 23) fengu þessa spurningu.



Sp. 25. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í sundlaugum Reykjavíkur eða sundlaug/sundlaugum í þínu hverfi?*

LAUGARDALUR - FRH.

- Það þarf að bæta hreinlætið í Laugardalslaug. Vond lykt í búningsklefum og laugin sjálf skítug. Ekki gott þar sem mjög margir erlendir ferðamenn nýta sér laugina. Við eigum að bjóða gestum okkar upp á frá bæra sundlaug.
- Það þarf að koma upp fleiri lokuðum klefum í sturtum og búningsklefum til að ýta undir hreinlæti erlendra ferðamanna.
- Þarf að bæta aðstöðu í Laugardalslaug. Búningsklefar og útisundlaugilla farin og s óðaleg.
- Þrifnað.
- Þrifnaði er stundum ábótavant, sérstaklega áberandi í Laugardalslaug. Þar þarf einnig að bæta sturtarnar, blöndunartækin orðin mjög léleg.

MÍÐBORG

- Nei (10 sem nefndu það).
- Lengja opnunartíma (2 sem nefndu það).
- Aðstöðu fyrir fatlaða í Vesturbæjarlaug.
- Afgreiðslutími mætti vera alla daga til 22:00 - og betur auglýstur.
- Allt of dýrt að borga 900 kr í sund.
- Betra aðhald við útlendinga vað varðar sima í laugum og um þrif á sjálfum sér!
- Bíð eftir opnun Sundhallarinnar. Gjarnan mætti vera lengri opnunartími.
- Bíð spennt eftir opnun í Sundhöllinni.
- Bíð spennt eftir opnun Sundhallarinnar!
- Búið að bæta, vantaði útilaug.
- Bæta búningsaðstöðu og hafa snyrtilegra umhverfi. Á ekki við að það sé ekki vel þrifið.
- Bæta fræðslu fyrir erlenda ferðamenn um þvott fyrir sund.
- Eftirlit með þrifum gesta áður en farið er í laugina.
- Enn þá sleppa of margir við að þvo sér áður en farið er í sundlaugarnar, sérstaklega í Laugardagslauginni.
- Er mjög ánægður með nýja opnunartíma.
- Ég fer ei ngöngu í Laugardalslaugina, ve gna heilsupottsins (jarðsjór).
- Fleiri rennibrautir.
- Free the nipple.
- Grunnar laugar og vaðlaugar ættu að vera hlýrri. Eins mætti reyna að tengja innilaugar við útilaugar (eins og gert er í Árbæjarlaug) því það vers ta við sund er að þurfa að ganga eða haupa úr klefa út í laug.

- Hafa vörð alltaf inni í búningsklefum til að tryggja að allir fari í bað og halda öllu hreinu.
- Hef ekki enn farið í nýju útilaugina. Reikna nú frekar með að hún sé ágæt. Ég hinsvegar met laugar oft eftir búningsaðstöðu en mér finnst hún oft léleg.
- Hef ekki farið í nýju Sundlaugina hans Dags okkar á Barónstíg en það stendur til.
- Hlaka til að fá Sundhöllina aftur.
- Hlaka til að skoða nýju sundhöllina.
- Í Sundhöll Reykjavíkur: Vantar aðstöðu fyrir lóð og lyftingatæki sem er aðskilin frá lauginni sjálfri.
- Já! Það þarf að endurverkja störf baðvaða í sundlauginni í mínu hverfi. Það er af sem áður var þegar baðverðir voru á vakt og fylgdu því eftir að óvanir, túristar og áðrir þeir sem vilja fara í potta og laugar óbaðaðir, færu að settum reglum og böðuðu sig fyrir sund. Mikil afturför!
- Kaldann pott í Árbæjarlaug.
- Klára Sundhöllina.
- Klórfra mleiðslukerfi.
- Koma upp líkamsræktarstöð í sundhöllinni.
- Laga sturtur í útiklefa í vesturbæjarlaug!
- Laga vatnsinntak í útiklefa í Vesturbæjarlaug.
- Leiðbeiningar fyrir útlendinga.
- Lengja opnunartíma á kvöldin á veturnir.
- Lengja opnunartíma Sundhallarinnar á sunnudögum.
- Líklega mun endurnýjum Sundhallarinnar uppfylla það.
- Loka ekki sundlaug í 10 mánuði þó að verið sé að vinna að endurbótum.
- Loksins verið að bæta aðstöðu í Sundhöllinni, sjáum til hvernig það kemur út. Mætti lengja opnunartíma þar, sérstaklega um helgar.
- Lækka verð.
- Lækka verðið og með auknum ferðamannastraum meiri gæslu inn í búningsklefa til að passa að fólk fari í sturtu í öðrum laugum en Laugardalslaug. (Laugardalslaug stendur sig mjög vel í gæslu inn í búningsklefa).
- Lækka verðið.



Sp. 25. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í sundlaugum Reykjavíkur eða sundlaug/sundlaugum í þínu hverfi?*

MIÐBORG - FRH.

- Meira hreinlæti, meiri gæsla í sturtuklefum, lengri opnunartímar allt árið.
- Mér finnst frábært að vera búin að fá Sundhöllina. Mér finnst að það ætti að taka gömlu kvennaklefana sem Guðjón Samúelsson hannaði í notkun. Gott væri ef hægt væri að koma þar fyrir þurr saunu eins og er í Vesturbæjarlauginni.
- Mér finnst Sundlaug Seltjarnarness til fyrirmyndar.
- Miðað við önnur lönd og sérstaklega nágrannalöndin erum við með frábærar laugar í hverju bæjarfélagi eftir annað.
- Mætti huga að leiðinni út í pottinn í Vesturbæjarlauginni þá sérstaklega á veturna.
- Mætti leggja meiri áherslu á að allir þvoi sér áður en farið er út í laugina.
- Námskeið eins og Þjálfun í vatni.
- Notaðu framgömlu kvennaklefana í Sundhöllinni, konur fengju val um það hvort þær vildu fara í þá eða þessa nýju.
- Of dýrt.
- Óþægilegur um helgar.
- Opna gamla kvennaklefan í Sundhöllinni aftur :).
- Opnunartíminn hentar ekki (lokað of snemma).
- Ódýrara í sund. Fáránlegt verð í Laugardalslaug.
- Saunu finnst gufuböð í öllum laugum ekki bara Vesturbæjarlaug.
- Sæki reyndar sundlaug í öðru hverfi, sækist eftir 50 metra laug. Nenni ekki á sumrin þegar laugarnar eru stappaðar og margt fólk þvær sér ekki áður en það fer ofan í. Finnst það þurfa ganga harðar eftir þvotti og benda þeim sem eiga erfitt með nekt á Afara í þannig sturtuklefa B ella að sleppa sundinu.
- Tryggja opnun á sundi til kl. 10 öll kvöld við kunnar.
- Vatnsleikfimi.
- Verðið hefur flogið of hratt upp.
- Verðlag er allt of hátt út frá lýðheilsusjónarmiðum.
- Það er verið að vinna í að bæta Sundhöllina sem er frábært.
- Það eru of fáar sturtur í nýjum kvennaklefa Sundhallar Reykjavíkur.
- Það mætti vera meira hreinlæti í búnings og sturtu og þurrksvæðum.
- Það væri frábært ef maður gætu nýtt fjölmíðakort sundlauganna líka í Naúthólsvík.

*Aðeins þeir sem svöruðu að þeir hefðu farið í sundlaugar í Reykjavík á síðastliðnum 12 mánuðum (Sp. 23) fengu þessa spurningu.



Sp. 25. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í sundlaugum Reykjavíkur eða sundlaug/sundlaugum í þínu hverfi?*

VESTURBÆR

- Nei (15 sem nefndu það).
- Lengja opnunartíma (3 sem nefndu það).
- Lengri opnunartíma um helgar (3 sem nefndu það).
- Þrif (2 nefndu það).
- Aðgengi að líkamsræktartækjum.
- Almenn tfrábær þjónusta.
- Almenn séð eru þær frábærar.
- Almenn viðhald skortir. Er með árskort. Sérstaklega lítill metnaður í Laugardalslaug. Skýli ómákað og án viðhalds. Lélegt eftirlit almennt. Heitasti potturinn alltaf kaldur. Viðhald fataskápa ekki gott. Metnaður lítill. Ljóður á Reykjavíkurborg. Myndi einnig batna ef gufubað (t.d. í Laugafellslaug) yrði komið upp. Vesturbæjarlaug skortir einnig viðhald. Gufubað er afar skitugt og úr sér gengið. Annars er margt gott í Vesturbæjarlaug. Metnaður þar meiri en í Laugardalslaug.
- Arki tectónískan og útlitslegan metnað í samræmingu og efnisvali. Það er sárt fyrir augun að horfa á allt þetta ósamræmi í öllum framkvæmdum sem gerðar hafa verið á Vesturbæjarlaug.
- Á sumrin er nauðsynlegt að hafa baðverði sturtuklefum. Allt of oft sér maður túrista fara bei nt í laugina, án þess að þvo sér fyrst.
- Eftirlit með að fólk noti sturtur, sérstaklega erlendir gestir.
- Eftirlit með að fólk þvo sér. Aðs töðu fyrir foreldra með ungabörn mætti vera betri.
- Ekkert sem ég man núna.
- Ekkert.
- Ekki eftir að opnunartíminn var lengur, til 22 alla daga. Jú, annars, það þarf að salta meira í mikilli hálfu eða setja mottur. Ekki nóg að setja skilti.
- Ég myndi vilja sjá fjölskyldulefa eða leyfa börnum í 1. og 2. bekk fylgja foreldri af sama kyni inn í klefa.
- Fer yfirleitt í Vesturbæjarlaug. Ekki alveg nógu spennandi fyrir krakka. Mætti laga bakkana við sundlaugina, óþægilegt að ganga á stéttinni frá búningaklefa að pottum.
- Fleiri innanhússlaugar.
- Fleiri köldker og lengri opnunartíma um helgar.
- Fleiri saunur.
- Hafa opið mikið lengur á kvöldin yfir sumartímann.
- Hafa sturturnar í lagi (va tnið heitt) og hreinar.
- Hef ekki spáð í það.
- Fyrir utan verðið, sem okkur finnst vera orðið of hátt, finnst mér þurfa að bæta skjól á svæðinu og/eða bjóða upp á grunna laug með heitara vatni en sundlaugin en kaldara en heitu pottarnir. Í hverfislauginni okkar (Vesturbæjarlauginni) eru pottarnir t.d. allir í það heitasta en heitari hluti sundlaugarinnar of kaldur þegar hausta tekur þars sem við erum með börn á leikskólaaldri. Frá hausti fram að vori förum við því í sundlaugar í nágrennasveitarfélögunum, þrátt fyrir að búa í nokkurra mínútna göngufjarlægð frá hverfislauginni.
- Hreinlæti hef ég heyrt að sé ekki alltaf eins og það ætti að vera í sumum sundlaugum en ég hef ekki beina reynslu af því.
- Hreinlæti.
- Já á Seltjarnarnesi þyrfti ísbaðið að vera þægilegra, er túnnu sem getur hreinlega verið hættulegt.
- Já Sundhöllina, að þars er gerlegt að fara inn áður en er opnað, eins og Vesturbæjarlauginni. Annað er draslaragangur :(.
- Já, eftirlit með að gestir þvo sér án sundfata. Óþolandi að sjá eftir gestum óhreinum ofan í laugina.
- Já, það þarf verulega að bæta hreinlæti í sturtum og búningaklefum og salernum.
- Laugardalslaugin orðin túristalaug. Mætti lengja opnunartíma í fleiri laugum.
- Láta sama aðgangskort gilda fyrir sundlaugar og Ylströnd.
- Leiðina úr búningaklefum að pottum í Vesturbæjarlaug. Löng og óþægilegt undirlag.
- Leiktæki og buslpotta krakka, í augsýn heitra legupotta foreldra.
- Lenging opnunartíma var stórkostleg framkvæmd. Er djúpt þakklát fyrir hana!
- Lengja enn frekar opnunartíma, hafa t.d. eina laug opna fram yfir miðnætti einu sinni til tvisvar í viku.
- Lengja opnunartíma, lækka verð.
- Lengri opnunartíma í vesturbæ.

*Aðeins þeir sem svöruðu að þeir hefðu farið í sundlaugar í Reykjavík á síðastliðnum 12 mánuðum (Sp. 23) fengu þessa spurningu.



Sp. 25. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í sundlaugum Reykjavíkur eða sundlaug/sundlaugum í þínu hverfi?*

VESTURBÆR - FRH.

- Lengri opnunartími, er mjög á nægð með að opnunartími í Vesturbæjarlaug var lengdur.
- Líklega bara fleiri sundlaugar þar sem notendur hefur fjölgað til muna. Þegar þær eru margar þakfullar að jafnaði hlýtur það að koma niður á möguleika að halda þeim til tölulega hreinum.
- Lækka verð! Þetta er klikkun!
- Lækka verð, alltof dýrt að fara sund. Hefur þau áhrif að ég fer nánast aldrei í sund nema helst á Seltjarnarnesi því ég er með kort í World Class og fæ því frítt í sund. Myndi samt líka langa í aðrar laugar í Rvk. en finnst það of dýrt.
- Lækka verðið! Sundlaugarnar sjálfar eru mjög flottar.
- Man ekki eftir neinu.
- Mér finnst aðgangsgjaldið mjög hátt.
- Mér finnst þær eiginlega bara frá bærar.
- Mjög gott.
- Mætti vera ódýrara að fara í sund.
- Mætti vera sértímar fyrir okkur feitu konurnar.
- Mættu vera fleiri yfirbyggðar sundlaugar með leiklaug.
- Nei, eru frá bærar.
- Nei, þetta er mjög góð þjónusta.
- Opna fyrir um helgar.
- Opnunartímar hafa lengst sem er mjög gott. Það mætti gera betur í að fá útlendinga til að þrifa sig áður en þeir fara út í sundlaug. Ef til vill þarf betri aðstöðu fyrir þá til að sturta sig og þrifa í lokuðum klefum, þeir eru ekki vanir að vera berrassaðir fyrir framan annað fólk. Mín sundlaug er Vesturbæjarlaugin.
- Opnunartími í minni laug var lengdur um helgar, það var fínt.
- Passa upp á myglu í búningsklefum, sumir hafa ofnæmi fyrir myglu.
- Setja korkteppi kringum laugina sjálfa í Vesturbæ, og laga stigann frá kvennaklefum.
- Sjá fyrra svar!
- Sjá til þess að erlendir gestir við reglurnar um þrífnað/hreinlæti: Sá þúvoist sig rækilega áður en þeir fara í laugina. Á þessu vill því miður verða misbrestur þrátt fyrir skilti & leiðbeiningar upp um alla vegg. Sorglegt að einstök baðmenning Íslendinga sé á undanhandi.
- Smá endurnýting.
- Stakar ferðir í sund eru alltof dýrar.
- Sturturnar í Vesturbæjarlaug eru kaldar og kraftlausar.
- Sundlaug Vesturbæjar er góð eins og hún er og hlakka til að prófa sundhöllina eftur endurbætur :)
- Vantar stundum upp á að heitu pottarnir séu hreinir sérstaklega á sumrin. Þá mætti setja upp rennibrautir fyrir börnin í vesturbæjarlaug.
- Very good.
- Vonandi er það einhver vitleski í mér en samt finnst mér eins og það sé fýla af mér þegar ég kem úr sundi og hún stafar af einhverju úrva tinnu. Þó ég fari í sturtu tekur það nokkrar sturtuferðir að ná af mér lyktinni. Það er líka svo mikill mannfjöldi sem notar sundstaðina?
- Væri frá bært að hafa litla líkamsræktarstöð í sama húsnæði (eins og er víða).
- Yfirbyggða sundlaug í Vesturbæinn.
- Það er ekki sundlaug í hverfinu.
- Það er of dýrt að fara í sundlaugarnar.
- Það má bæta búningsaðstöðu á nokkrum sundlaugum, t.d. Vesturbæjarlauginni, en þar má einnig bæta aðgengi til og frá sundlaug fyrir öryrkja. Verðlag er allt of hátt í sundlaugarnar og eftirlit með ráðvilltum ferðamönnum mætti bæta.
- Það má setja upp fleiri aflokaðar sturtuadstöður, t.d. með sturtuhengjum.
- Það væri gott að hafa fjölskylduklefa eða eitthvað þannig til að börn af gagnstæðu kyni og foreldrar þurfi ekki að fara ein í búningsklefa frá 6 ára aldri.
- Það væri gott að hafa innlaug á svæðinu (á veturna fyrir yngstu krakkana sérskilega). Lengri opnunartími um helgar í sumar var frá bær. Það mætti augsýna betur hvenær er kennsla og sundæfingar í laugum svo maður geti sigtað út góðan tíma til að fara sjálfur að synda án þess að allt sé fullt af fólki.
- Það væri mjög gaman ef opnunartímarnir væru lengri en þeir eru. Opna fyrir og vera lengur opin.

*Aðeins þeir sem svöruðu að þeir hefðu farið í sundlaugar í Reykjavík á síðastliðnum 12 mánuðum (Sp. 23) fengu þessa spurningu.



Sp. 25. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í sundlaugum Reykjavíkur eða sundlaug/sundlaugum í þínu hverfi?*

VESTURBÆR - FRH.

- Það þarf að bæta aðgengi í Vesturbæjarlauginni.
- Það þarf að ljúka endurbótum á Vesturbæjarlaug, stigi úr kvennaklefa er t.d. heilsuspillandi. Aðgangur er líka orðinn dýr.
- Þarf að laga Vesturbæjarlaug.
- Þetta er ekki ódýrt lengur - þyrfti að kosta minna.
- Þrif á búnings- og sturtuklefum og eftirlit með gestum svo allir baði sig áður en farið er ofan í.
- Þrif í klefum, sérstaklega sturtu og þurrksvæði.
- Þrifa betur og lengri opnunartíma.
- Þær eru alltof dýrar.
- Þær eru frábærar. E.t.v. mætti búa um fjölbreyttari baðmenningu. Hafa t.d. heit herbergi, eimböð með köldum potti inni eins og í afrísku böðunum - eða þaraböð! Sturturnar í útiklefanum í Vesturbæjarlauginni eru alveggjataðar! Þarf að laga pípulagnirnar þar svo meira en rigning komi úr þeim. Það væri frábært.
- Þær eru góðar.

*Aðeins þeir sem svöruðu að þeir hefðu farið í sundlaugar í Reykjavík á síðastliðnum 12 mánuðum (Sp. 23) fengu þessa spurningu.



Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

VIÐBÆTUR/ENDURBÆTUR

- Viðhald á tækjum (2 nefndu það).
- Bæta við tæki og fjölga dýrum. Hafa s má meiri tilbreytingu svo maður sé ekki alltaf að koma og sjá það sama og gera það sama... Tækin eru orðin verulega sjúkuð.
- Aðstoðu og viðhald tækjabúnaðar.
- Almenna umhirðu.
- Auka viðhald.
- Betra aðhald, endurbætur og betri nýting á svæðinu.
- Betri merkingar sem vísa á garðinn og hvar gengið er inn í hann.
- Betri veitingaþjónusta.
- Endurnýja leiktæki o.þ.h. Orðið frekar slapt og úr sér gengið.
- Endurnýja meira og minna öll leiktæki.
- Endurnýja tækin hraðar.
- Endurnýjun á leiktækjum.
- Ég tel að það mætti bæta leiktæki.
- Fjölskyldugarðurinn var frekar dapur síðast þegar ég kom þangað, tækjum hafði fækkað og allt var svo draslaralegra. En það er meira en 12 mánuðir síðan...
- Garðurinn er í vondu á sigkomulagi. Gróður illa hirtur og grindverk, og aðrir fastir hlutir úr sér gengnir. Lögð of mikil áhersla á stærri og dýrari leiktæki á meðan hluti garðsins er illa nýttur. Stóra málmhliðið við innganginn í fjölskyldugarðinum er aldrei nýtt og illa hirt og því stórt lýti á garðinum.
- Garðurinn þarfnast meira viðhalds og meiri nýjunga, finnst hann vera fainnað drabbast niður og verða þreyttur.
- Hann er orðinn gamall, kominn tími að gera hann svolítið upp.
- Hef heyrt að honum sé ekki vel viðhaldið þ.e. tækin eru ekki í lagi.
- Huga að uppbyggingu og endurnýjun.
- Lagfæra leiktækin.
- Margt orðið lúíð þar - mætt breyta tækjum. Ná ofar í aldri.
- Má lappa upp á hann.
- Mér finnst garðurinn hafa gleymst. Svæði eru tóm og draugaleg, ófrágengin og mjög leiðinlegt fyrir börn og fullorðna að sjá svæði þar sem hafði áður verið e-ð skemmtilegt en er núna bara tómteins og draugabær. Garðurinn nefnilega gæri verið frá bær en er bara sæmilegur í dag.
- Mjög langt síðan ég hef farið. Samt er ég með 2 börn undir 10 ára! Hefur fundist bara svo oft biluð tæki, og inniaðstaðan léleg („vísindatjaldið“) - mætti vera meiri metnaður í einhverju svoléiðis og almennt í afþreyingu fyrir börn um vetur sem kostar ekki mikið.
- Mjög margt d. eru leiktæki mörg hver orðin lúin og hættuleg. Mætti fjölga dýrum og gera skemmtilegra í kringumskoðun á þeim. Síðast en ekki síst mætti stækka svæðið.
- Orðin mjög mikil þörf á viðhaldi og endurnýjun.
- Síðast þegar ég fór fannst mér ýmislegt þarna orðið þreytt, og of dýrt í tæki og veitingar. Þetta á að vera skemmtileg afþreying fyrir fjölskylduna að fara saman og geta leyft börnunum að fara í tækin og kaupa sér veitingar á samviskubits. Við gengum fram hjá veitingasölu síðast.
- Stækka garðinn.
- Tækin úreldest og eru illa hirt, að sögn minna barna.
- Umhirðu og endurnýju.



Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

VIÐBÆTUR/ENDURBÆTUR - FRH.

- Útúrlitin tæki, kostar mikið fyrir ekkert. Má svo laga þetta því jú þetta er á einum flottasta stað borgarinnar en börnin hafa enga löngun að fara því það er ekkert að gera þar.
- Viðhalda tækja og endurnýjun.
- Það þarf að endurnýja tæki og hugsa betur um þau tæki sem fyrir eru þannig að þetta grotni ekki niður, tækin kosta fullt af pening og það er ódýrara að viðhalda þeim en að kaupa alltaf nýtt.
- Það þyrfti að taka staðinn í gegn. Þjóða upp á nýja og skemmtilega hluti.
- Þarf að halda garðinum betur við. Er orðin hálf sjúskaður.
- Þrif og lagfæra leiktækin.
- Þrif, umgegni og lækka verð í t.d. tæki, maður fer á hausinn að mæta þarna með 4 börn.
- Það þarf meiri stefnu mótun og þróun, fjárfestingu.
- Fá fleiri tæki fyrir unglunga.

VERÐ

- Alltof dýrt fyrir fjölskylduna að fara í tækin.
- Dýrt miðað við sambærilega garða erlendis.
- Garðurinn er greiddur af skattgreiðendum og á því ekki að rukka um gjald. Hann er ótrúlega dýr, léleg gæði, biluð eða gömul tæki, oft lokuð, hoppudýna sprungin, o.s.frv. - samt rukkað fullt. Húsdýralmennt vel hirt, en óspennandi umhverfi. Selir eru yndislegir, en eru villt dýr og eiga ekki heima í húsdýragarði. Rannsóknatjald þarf verulegar umbætur. Niðurstaða: er hætt að fara með börnin þangað vegna ofan talinna atriða.
- Hafa frítt inn í garðinn en láta borga fyrir tækin. Það myndi auka notkun mína og minna barna.
- Lækka aðgangseyri.
- Lækka kostnað.
- Lækka verð! Alltof dýrt.
- Mér finnst eiga vera gjaldfrjálst fyrir öll börn eða hafa fjölskyldu tilboð. Þar sem þetta er svakalegur kostnaður að fara með börnin í garðinn. Síðan er hræði lagt að fara í húsdýragarðinn á sumrin þar sem maður fær ekki frið frá geitungum. Það mætti fjarlægja geitungabú svo að börnin séu ekki hrædd að fara í húsdýragarðinn! Það mætti bjóða oftar uppá hestaferðir. Það er takmarkað hvað komast margir að og börnin mín hafa oft staðið í röð eftir að komast á hestbak og þegar kom að þeim þá var bara að loka. Lítil börn skilja það ekki.
- Mætti kosta minna að fara í garðinn. Dýr heimsókn í annars frá bærangar garð fyrir barnmargar fjölskyldur.
- Of dýrt að fara.
- Ódýrari aðgangseyri.
- Óljós verðskrá.
- Óþolandi að það kosti svo extra þegar maður er kominn inn í garðinn. Ef maður er tæpur á peningum er ekkert gaman að fara í garðinn og þurfa að vera á nei-inu. Sleppi því frekar.
- Pricing is too expensive for families.
- Verðlag ekki í lagi.
- Það á að vera frítt inn og borga í tækin og þá kemur fólk oftar og fær sér kaffi og veitingar og ég held að það kæmi meira í kassann.



Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

DÝRAHALD

- Fleiri dýr (3 nefndu það).
- Að það sé hægt að greiða sig sér inn í fjölskyldugarðinn og sleppa að greiða fyrir að dýrunum sé haldið þarna, ræktuð og étin. Meðan kerfið er svona hef ég ekki áhuga á að fara með börnin í leiktækja.
- Aðbúnaður og hreinlæti dýra, viðhald leiktækja og atorkusamara starfsfólk.
- Að staða dýranna er ekki ásættanleg og þá sérstaklega sjávarspendýranna. Dýr eru ekki sýningargripir.
- Bara ekki svona hundar, við ekki bara hundar. Bara svona asnar.
- Er alfarið á móti því að dýrum sé haldið í litlum búrum/girðingum og slátrað að því loknu. Leiktækjum er ekki viðhaldið. Börnin eru ekki hrifin af því að fara í þennan garð af sömu ástæðu og eru ekki hrifin af skipulögðum ferðum þangað á skólatíma.
- Ég er mikill dýravinur og hef heitið því að fara aldrei í dýragarða.
- Fjölgja dýrum, sem börn geta skoðað í næði. Losa sig við illa farin dýr og fugla.
- Fleiri dýrategundir - t.d. Lunda.
- Hef ekki farið síðan sonur minn var lítill, en þá fórum við við kulega og fannst allt frábært. Haldið bara áfram að gera góða hluti þar. Gaman væri að heyra fleiri jákvæðar sögur af dýra haldi líkt og með selina, ekki gaman að heyra að þeim sé lógað.
- Hef ekki skoðun á því, væri fínt að fá nýja dýrategund.
- Hreinlæti dýra.
- Hætta með selalaugina. Hún er ómannúðleg.
- Já, athvarf fyrir ísbirni sem vantar samastað eftir að hafa gengið á land hér.
- Meiri hluti Reykvíkinga mun seint fyrirgefa drápið á strokukópnum. Maðslega hefði hann verið gullegg fyrir garðinn. Agalegur klaufaskapur og mistök.
- Mér finnst að það eigi ekki að geyma villt dýr í þínu litlu baðkari og mér finnst að það eigi ekki að geyma villt dýr í girðingum. Mér finnst einnig fánlegt að aðilarnir sem reka garðinn gefi dýrunum tæki færi á því að fjölga sér til að auka aðsókn til þess eins að drepa þau og gefa refunum. Rösk þeirra um að selir spjari sig ekki í náttúrunni eftir að hafa fæðst í dýragarði halda ekki vatni og sýnir að þeir eru ekki að reyna að fræða fólk um dýrin heldur að græða á þeim og hafa ótal sérfræðinga staðfest það.
- Nei en það vantar ísbjörn.
- Stækka kópalaugina. Þetta eru dýra níð.
- Stækka selalaugina, greyin fá rosalega lítið pláss til sunds.
- Stærri búr fyrir dýrin, ekki grilla þau þegar þau deyja.
- Vantar að hafa hrafn þar frjálsta.
- Vel ferð dýra. Hætta með selalaugina. Hún er alltof lítill og það fer illa með þá.
- Vil fá gamla góða sædírasafnið og ísbjörn.
- Það mætti bæta mjög aðstöðu fiska og spendýra sem lifa í sjóeða vatni.
- Það vantar ísbjörn.



Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

ANNAÐ

- Já (3 sem nefndu það).
- Að börn geti óhindrað farið frá myndum raðir í tæki nítreað og enginn eftirlitsaðili.
- Að foreldrar geti skráð börn sín þar á dýra námskeið á veturna líka, t.d. einn dag í viku. Gæti verið gaman fyrir börn sem hafa mikinn áhuga á dýrum.
- Allt.
- Betri veitingaþjónusta. Eldra starfsfólk í garðinum.
- Bæta aðgengi fyrir börn, óháð fjárhag.
- Fjölbreypni og aðfeyringu fyrir börn.
- Fleira starfsfólk.
- Fleiri leiktæki sem ekki þarf að borga í.
- Garðinn mætti bæta með meiri skúðgarðyrkju, sbr. gördum í evrópskum borgum sem myndi gera hann hlýlegri. Gera ráð fyrir fleiri reitum sem hægt er að nýta sem „pikk-nikk“ svæði. Setja stór og vegleg heilsárs borðtennisborð upp.
- Gera hann aftur eins og hann var í upphafi hugsaður. Náttúrlegur og sjálfbær hugsun. Burt með hringekju og aðkeypt dót. Nýta það sem byggt var í upphafi og teiknað fyrir garðinn og þema hans.
- Grillaðstaðan.
- Hreinlætið.
- Kannski nostalgia en var mjög ánægð þegar það var bara leikur og útivist og nærvera dýranna. Ekki peningaplokk í tívolítækjum. Notaði garðinn mikið fyrir ca. 15 árum síðan en minna þegar hann breyttist í mínítivolí.
- Leggja hann niður.
- Meiri skemmtun fyrir börnin.
- Mér finnst leitt að ekki má taka með sér hund þangað en ég skil þá á kvörðun alveg.
- Mætti vera meira aðfeyringu og aðburðum.
- Orðið mjög langt síðan ég fór, hentaði vel fyrir yngri börn en upp úr 9-10 ára aldrinum hefur áhuginn hjá þeim minna.
- Þarf að vera meiri sveigjanleiki fyrir fjölskyldur sem kaupa fjölskyldukort. Hef einu sinni keypt svoleiðis og var gapandi yfir hversu stífar og ósangjarnar reglur eru á þessum kortum.
- Ætti að vera opið svæði, sem þyrfti ekki að borga sig inn á, sbr. Central Park NY. Borga í tæki og allt sérstakt, en ekki til að geta rölt um svæðið. Ætti allt að vera opið, mörg lítil kaffihús, veitingastaðir og meira um að vera allan ársins hring. Og sama þar: Ekki þrengja að útivistarsvæðum!



Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

NEI/VEIT EKKI

- Nei (46 nefndu það).
- Veit ekki (22 nefndu það).
- Veit ekki, ekki farið lengi (9 nefndu það).
- Ekkert sem ég man eftir (6 nefndu það).
- Hef ekki þekkingu til að geta svarað þessu (5 nefndu það).
- Get ekki sagt til um það, hef ekki komið þar í mörg ár (4 nefndu það).
- Ekkert sérstakt (3 nefndu það).
- Er ekki dómbær á það (2 nefndu það).
- Fer frekar sjaldan er alltaf að vinna.
- Hef ekki farið í mörg ár.
- Hef ekki farið lengi.
- Hef ekki skoðun.
- I don't know why it's here.
- Langt síðan ég hef farið þangað þannig að ég veit ekki hvað er í boði núna.
- Nei bbs – eða veit ekki. Hef ekki farið þangað í mörg ár. En það var mjög fínt þegar krakkarnir voru minni.
- Notað hann mjög lítið eins og er.
- Veit of lítið um garðinn til að geta svarað þessu.
- Það held ég ekki.
- Það má alltaf bæta eitthvað?



Sp. 32. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins?

SNJÓR

- Meiri snjó (7 nefndu það).
- Snjóframleiðsla (3 nefndu það).
- Gervisnjór (2 nefndu það).
- Fá snjóblásara (2 nefndu það).
- Snjóvél (2 nefndu það).
- Betri lyftur og snjóframleiðslu.
- Bæta í snjóinn. Snjóleysið er ástæðan fyrir því að maður fer aldrei.
- Framleiða meiri snjó í takt við ýmis önnur skíðasvæði.
- Já fleiri lyftur og gervisnjó eins og fyrir Norðan.
- Koma upp snjóvél til að nýta fjárfestinguna og lengja tímabilið.
- Snjóblástur til að fjölga opnunardögum.
- Vantar ekki snjóframleiðslu í Bláfjöll.
- Það vantar snjógerðargræjur á staðina.
- Það væri draumur ef farið yrði af stað með snjóframleiðslu svo hægt sé að fjölga opnunardögum.

OPNUNARTÍMI

- Aðgengi. Lyftuástöðu. Opnunartíma þegar veður er gott.
- Of mikið um bilanir í lyftum.
- Opna fyrir að vetri í Skálafelli og lengja opnunartíma þar.
- Opna í fjöllin svo hægt sé að fara.
- Opna Skálafell.
- Opnunartíma í Skálafelli.
- Bláfjöll eru náttúrulega rokraggat og það væri mun betra að bæta Skálafell og lengja opnunartímann þar. Förum frekar til Akureyrar á skíði heldur en að fara á skíði hér. Ekki hægt að bera samþjónustuna og eftir að við förum að fara þangað á skíði 1-2 á vetri þá hefur maður engan áhuga á að fara í Bláfjöll.
- Mættu vera opin meira :) og líka, fleiri rútur fram og til baka. Það er líka of dýrt að kaupa dagpassa og leigja skíði. Annars mjög gott.
- Skálafell má bæta og hafa oftari opið.
- Tryggja að það sé opið oftari, óháð snjókomu.



Sp. 32. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins?

UPPBÝGGING/ENDURBÆTUR

- Auka aðgengi ungmenna og fjölskyldna, t.d. með smærri rútum og fleiri ferðum og fjölga stoppistöðvum.
- Auka öryggi við snjóflóðahættu.
- Betri merkingar.
- Fjölga brautum fyrir gönguskíði (cross-country-skíði).
- Fleiri lyftur til að stytta raðir. Betri veitingaþjónusta.
- Já, mér finnst þurfa að setja meiri pening í skíðasvæðið í Skálafelli og byggja það betur upp. Setja upp nýjar lyftur og athuga með snjóbyssur.
- Mætti stækka þau.
- Nei, erfitt, ég fer eftir að það fer að birta, mars, apríl maí, á gönguskíði. Sjaldan gott færi. Kannski er hægt að gera skíðagöngubrautir með vélum.
- Nýta þær lyftur sem eru ónýttar.
- Salernisaðstöðu í Húsahverfi við skíðabrekkuna þar.
- Stærri lyftu.

VERÐ

- Borga þetta meira niður. Þetta er alltof dýrt.
- Frekar dýrt.
- Lægri gjaldskrá.
- Lækka verð á lyftuferðum.
- Mér finnst kannski full dýrt að fara á skíði.
- Mætti vera ódýrara.
- Verðið.



Sp. 32. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins?

ANNAÐ

- Borgin á ekki að eyða pening í þessa vitleysu.
- Eftirlit og meiri fagmennsku þegar fólk verður fyrir slysi ekki þvæla fólki niður með láttum og ekki senda slasað fólk með ókunnugum á einkabíl á slysideild. Hafa samband við aðstandendur líka ef slys verða.
- Einkavæða!
- Galið að hafa skíðasvæði við vatnsverndarsvæðið.
- Hafa frí örnámskeið/grunnatriðanámskeið.
- Hámarksfjöldatakmörkun á svæði til að koma í veg fyrir mjög langar raðir.
- Já örugglega fullt!
- Já.
- Markaðsstarfsemi fyrir útlendinga.
- Mér finnst það sem fengið hefur að viðgangast við þríhnúkagíg til skammar. Búið að eyði leggja friðinn sem maður gat notið með góðri gönguskíðaferð að hnúkunum og landspjöllin á mosunum og viðkvæmum gróðri á leiðinni að gígnum er ótrúleg. Ótrúlegt hvernig einkaaðilum er afhent náttúruperla til að græða á og leyfa þeim að ganga um þarna eins og svín. Þyrluflug oft á dag með tilheyrandi hættu m.a. fyrir vatnsból Reykvíkinga.
- Það er algjörlega óþarft, nota peningana til að hjálpa fólki sem býr á tjaldsvæði.
- Það þarf að huga að skíðasvæðum innan borgarmarkana.



Sp. 32. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins?

EKKERT

- Nei (26 nefndu það).
- Veit ekki (14 nefndu það).
- Þekki það ekki (4 nefndu það).
- Hef ekki skoðun (3 nefndu það).
- Veit ekki, langt síðan ég fór þangað síðast (3 nefndu það).
- Nei, fer aldrei á skíði (2 nefndu það).
- Ekkert sem ég hef vit á.
- Ekkert sem ég veit um.
- Ekkert sérstakt.
- Ekkert sérstakt. Hef þó ekki farið síðasta tímabil.
- Have not been for many years. Therefore I don't have an answer for this.
- Hef ekki farið á skíði í mörg ár!
- Hef ekki farið í 20 ár.
- Hef ekki farið í mörg ár og ekki dómbær á það.
- Hef ekki farið nokkur undanfarin ár.
- Hef ekki farið undanfarin ár og get því ekki svarað þessari spurningu.
- Hef ekki komið í Bláfjöll síðan 1998 - svo ég er ekki dómbær.
- Hef ekki komið þangað í nokkur ár og þekki ekki aðstæður nægilega vel til að svara hér.
- Hef ekki notað skíðasvæðin lengur. Því miður.
- Hef ekki verið á skíðum nýlega.
- Hef ekki þekkingu á því.
- Held ekki, þekki ekki nógu vel.
- Langt síðan ég hef nýtt mér þau.
- Nei ekkert sem ég man eftir.
- Nei, en hef ekki farið lengi. Hef alltaf þótt þau góð - en brekkurnar mættu vera lengri :) en það er líklega ekki neitt sem hægt er að bæta.
- Nie mam zdania bo dawno tam nie bylam.
- No comment.
- Veit ekki hef ekki farið á skíði í 40 ár, en svæðið er frá bært.
- Veit ekki, hef ekki nýtt mér þau nýlega. Vantar barnabrekku í Árbæinn :)
- Veit ekki. Hef ekki farið í 20 ár.
- Veit það ekki, nýti mér þau svo lítið.
- Þekki ekki til að mynda mér skoðun.
- Þetta verði þið að sýrja þá um sem nota þessi svæði.



Sp. 36. Viltu taka eitthvað annað fram í sambandi við þjónustuver Borgartúni eða símaver 4-11-11-11?*

NEI/VEIT EKKI

- Ekkert sem ég man eftir.
- Ekki í Borgartúni.
- Nei takk.
- Nei takk.
- Nei, ekkert að kvarta.
- Nei. (52 sem nefndu það)
- Neibb.
- Veit ekki.
- Þekki það ekki nógu vel (hef ekki hringt það oft).
- Þekki það ekki.
- Þekking ekki til staðar.

ALMENNT JÁKVÆTT

- Einstaklega góð þjónusta þar sem mér var vísað á fram á stofnun borgarinnar sem leysti úr mínum málum.
- Einstaklega lipur þjónusta.
- Er bara ánægður með þjónustuna.
- Ég hef bara mætt almennilegheitum þar.
- Fer svolítið eftir hver svarar en yfirleitt góð.
- Flott að geta átt netspjall.
- Flott starfsfólk.
- Flott þjónusta.
- Frábært starfsfólk.
- Hef fengið góða þjónustu en líka slæma.
- Já, ég hef lagt inn kvörtun vegna auglýsinga sem eru yfirþyrmandi hér á stúku Fylkis. En ekki fengið skilning eða viðbrögð. Já, og ég hef fengið mjög góða þjónustu þegar þarf að moka snjó fyrir okkur hérna við húsið og hefur sú þjónusta sannarlega verið til fyrirmynda.
- Leystu mjög vel úr mínum fyrirspurnum.
- Mjög góð og kurteis þjónusta.
- Mjög hjálplegt fólk sem vill allt fyrir mig gera.

- Mjög kúll og praktískt að það sé bara eitt símanúmer fyrir allt! Það er eiginlega undravert að það gangi. Og það gengur smurt. Vel gert!
- Mjög vel haldið á málum.
- Nei, góð þjónusta.
- Nei, þeir voru mjög kurteisir og leystu það sem ég var að leita eftir.
- Síma stúlkurnar eru ágætær en ekkert er gert í erindum þegar lengra er komið, þá er eins og allt gufi upp!
- Síma verið mætti vera lausnamiðaðra. Þegar ég mætti á svæðið við þjónustufulltrúarnir allt fyrir mig gera.
- Starfsfólk þjónustuværs er einstaklega hjálplegt og fær í sínu starfi og eiga RISA STÓRT hrós skilið fyrir störf sín. Mér finnst alltaf ánægjulegt að hringja og tala við starfsmenn þar.
- Very helpful and no waiting.
- Þau eru best.
- Þjónustuverið er aðlaðandi.

LÖNG BIÐ

- Afar sein svörun. Tímabrekk að ná til þeirra sem ætlunin er að ná í.
- Alltof langur svartími og oft er viðmót þess sem svarar ónotalegt.
- Er starfsmaður Reykjavíkurborgar og nota þjónustuna þess vegna mjög mikið. Lítið sem ekkert vegna persónulegra mála.
- Gafst upp. Svaraði ekki. Gat ekki fengið samband við þann sem ég þurfti að ná í.
- Langur afgreiðslutími.
- Lengi að svara og yfirleitt kemst maður ekki í samband við þær deildir sem leitað er eftir nema að bíða hálfan daginn.
- Lengi að svara.
- Of erfið að ná sambandi, greinilega of fáir starfsmenn á algastímum.
- Of löng bið eftir afgreiðslu.
- Oft löng bið í síma þannig að maður gefst upp.
- Oft löng bið. (2 sem nefndu það)
- Sein símsvörun, leiðinlegt kerfi.
- Sein/engin svörun á tölvupóstum.

*Aðeins þeir sem svöruðu að þeir hefðu nýtt sér þjónustunúmer eða þjónustuver Reykjavíkur (Sp. 33) fengu þessa spurningu.



Sp. 36. Viltu taka eitthvað annað fram í sambandi við þjónustuver Borgartúni eða símaver 4-11-11-11?*

LÖNG BIÐ

- Svára fyrir oft hringir út. Vantar greinilega fleiri á símann.
- Svára seint átti að hafa samband við mig en ekkert skeytið fyrir en eftir 3 tilraun frá mér.
- Svára seint og illa. Stundum ólíðlega þjónustu og nánast aldrei svarað í vissum deildum og hafa ekki samband til baka. Ef það gerist þá oft eftir dúk og disk.
- Svífaseint að geta ekki hringt beint á ólík svið eins og áður var.
- Var lengi að ná sambandi við þjónustufulltrúa.
- Það er frekar hægt þjónusta.
- Það getur verið mjög löng bið eftir að símtali sé svarað.
- Það tekur mjög langan tíma að fá úrvinnslu sinna mála, erfitt að fá samband við rétta fólk í (fá upplýsingar um við hvern á að tala - sem í öðlegu svára skilaboðum svo frekar seint) o.s.frv.
- Þarf að skrá og fylgja málum betur eftir. Búin að bíða eftir að stígur verði lagaður hjá mér nær allt árið.
- Þjónusta mjög sein, starfsfólk upptekið í öðru en að sinna fólk sem beið.
- Þurfti að bíða í símanum í 45 mín. Bara til að vita hvar eldhús Reykjavíkurborgar er staðsett. Lindargötu nota bene.

ERFITT AÐ FÁ SAMBAND

- Afturför að fá aldrei samband við hinar ýmsu deildir borgar-apparatsins. Nú orðið er manni bara boðið að senda tölvupóst og kemst því aldrei fram hjá 411-1111.
- Andlitlaus risi. Boðleiðir torfærar.
- Effort að ná sambandi við þá sem þarf til að leysa málin. Stoppað hjá þjónustu fulltrúum sem geta lítið gert.
- Ekkert samband er hægt að fá við þá starfsmenn sem sinna þeim verkefnum sem leitað er aðstoðar við.
- Embættismenn eru aldrei við.
- Erfitt að komast þangað (deild/starfsmaður) sem maður vill komast.
- Erfitt að ná í rétta aðila. Stuttur símatími og viðkomandi aldrei við.
- Erfitt að ná sambandi við fólk í stofnuninni.

- Ég hef ítrekað sent erindi til Reykjavíkurborgar vegna hraðahindrunar sem var fjarlægð að á stæðulausu í minni götu, fyrir utan húsið mitt í stofngötu við grunnskóla. Sendi inn mörg bréf, hringdi í þjónustuver og reyndi að ná tali af þeim sem stjórnar þeim málum. Fékk engin svör önnur en að þeim sem stjórnar þessum málum hjá Rvk. borgarinnst þetta óþörf hraða hindrun. Þetta er lélegasta útgáfa af stjórnsýslu sem ég veit um.
- Ég hringdi og sendi tölvupóst ítrekað en fékk engin svör og málefnið, sem tengdist skattinum þar sem ég vinna hjá Reykjavíkurborg, var ekki leyst.
- Ég tel að þjónustuver gangist ekki, best að tala við þann starfsmann sem þekkir til mál flokksins í stað þess að þjónustuver beri á milli mín og lykilstarfsmanns borgarinnar, sem geta svarað mér milliliðalaust og án refsja.
- Fæ ekki samband við viðkomandi, sem verið er að leita til.
- Fær maður samband við einhvern ef maður hringir?
- Gátu ekki svarað né gefið símtal á fram í réttan farveg.
- Maður upplifir þetta sem óþarfa millilandaflug. Lenda á skiptiborðið bara til að vera sendur áfram á næsta skiptiborði.
- Meira eins og símamóttaka, litlar upplýsingar og úrvinnsla, meira til að beina annað og vita í raun ekki hver á að svara hverju.
- Nei, en afgreiðsla fyrirspurnar um byggingaleyfi er í ruglinu. Lagði inn fyrirspurn í júlí og enn ekkert að fréttu. Hvað er það?
- Ópersónulegt. Mekanískt. Bið.
- Óþægilegt að fá ekki strax samband við manneskju sem getur leyst úr málum. Þarf að útskýra sama málið við marga.
- Óþægilegt að þurfa gefa upp erindi við ókunngt fólk og tregða þeirra að gefa samband.
- Reyndi að ná sambandi við borgarstjóra eða ritara hans án árangurs mánuðum saman.
- Spurði um hvenær tengileiðir í Heiðmörk yrðu malbikaðar, eftir 60 ára bið. Fékk engin svör.

*Aðeins þeir sem svörðu að þeir hefðu nýtt sér þjónustunúmer eða þjónustuver Reykjavíkur (Sp. 33) fengu þessa spurningu.



Sp. 36. Viltu taka eitthvað annað fram í sambandi við þjónustuver Borgartúni eða símaver 4-11-11-11?*

ERFITT AÐ FÁ SAMBAND - FRH.

- Síma daman þurfti að vita alla mína sögu áður en hún gaf mér samband. Þetta gerðist í hvert einasta skiptið sem ég hringdi þótt málefnið væri alltaf það sama. Þýddi ekkert að segja að ég vissi að hún gæti ekki hjálpað mér, að það yrði að gefa mér samband áfram. Svo fékk ég mismunandi svör frá manneskjunni sem svaraði í símann eftir því hvern ég talaði við. Á endanum var mér sagt að senda póst á ranganaðila sem hefur enn ekki haft samband mörgum mánuðum seinna. Ég þurfti að hringja ítrekað til að fá loks samband við réttan aðila sem leysti málið á fimm mínútum.
- Starfa hjá borginni kem mikið á Höfðatorg og finnst á stundum starfsmenn hafa litla þjónustulund og vita ekki hvert á að leita, 411-1111 svarar seint „því miður eru allir þjónustufulltrúar uppteknir í ugnablikinu“ mjög algengt sérstaklega kringum hádegi og sjaldnast hægt að leysa úr málum hvað þá að ná í starfsmenn sem verið er að reyna að ná í.
- Starfsfólk virðist ekki virða auglýsta viðtalstíma, erfitt að ná sambandi við starfsmenn.
- Svara seint.
- Vildi fá upplýsingar um fyrirhugað gistiheimili í nágrenninu, leyfi o.fl. Var aldrei svarað, veit ekki hvort þjónustunúmer kom erindinu ekki áfram eða hvort sá sem átti að sinna því sleppti því bara.
- Það er óásættanlegt að fá engin svör þegar send er fyrirspurn.
- Það er óþolandi að geta ekki fengið beint samband við svið borgarinnar án þess að þurfa að rökræða erindið fyrst við einhvern í 411-1111.
- Það er svolítið gamaldags að hringja og biðja um hjálp og fá svo svarið „hann/hún, ta ka bara símann á þessum tíma“ og ekki boðið upp á að málum sé fylgt eftir með símtali/tölvupóst. Ekki nema að það sé hlutverk 411-1111 að berja frá sér notendum, þannig að þeir gefist upp á sín um umkvörtunum og hætti við. Þá skil ég tilgang þjónustuborðsins og hann þá ekki fyrir borgarbúa.
- Það virðist vera algert sambandsleysi á milli deilda í skrifstofum borgarinnar.
- Þau sem svara eru ágæt en það er erfitt að fá samband við hærra setta þeir eru í einhverjum glerturni.
- Þið bendið bara næsta og á næsta mann heldur þetta áfram og ekkert skeður.

- Þjónustuverið annast málefni bílastæðasjóðs, en þegar upp koma vandamál (sem er oft) er oftast lítið um svör.
- Þjónustuverið sem slíkt virkar en þeir sem hafa þarf samband við svara ekki fyrirspurnum.
- Þjónustuverið stendur sig mjög vel. Eriandi sem sendu þá þan til annarra starfsmanna Reykjavíkur er ekki eða illa svarað.
- Þú kemst ekki lengra en að ræða við símadömunar. Það er ekki gefið samband við þann aðila sem nauðsynlegt er að fá samband við. Ömurleg þjónusta en samt ekki við síma dömunar að sakast heldur þjónustukerfið.
- Ömurlegt að maður lendi alltaf á almennum þjónustufulltrúum sem hindra mann í að ná sambandi við viðeigandi stofnanir (t.d. bílastæðasjóð þegar mælarnir bíla) og gefa rangar upplýsingar vegna skorts á sérhæfingu. ÖMURLEGT KERFI!!! Vil gjarnan hafa möguleikann á að hringja beint í þær stofnanir sem við á í hvert skipti. Það gengur ekki að hafa eitt númer fyrir alla þjónustu.

ALMENNT NEIKVÆTT

- Aðengi að skrifstofum finnst mér minna á fangelsi.
- Algjörlega óviðnandi þjónusta, að ekki skuli vera hægt að fá að tala við annað starfsfólk en það sem starfar í þjónustuveri er borgarbúum ekki bjóðandi né heldur þeim sem starfa í þjónustuveri. Það er ekki hægt að ætlast til að það starfsfólk geti svarað öllum sérfræðisþurningum. Ég varð fyrir þeirri mjög svo óþægilegri reynslu að fá aldrei samband við starfsmann sem hefði getað svarað spurningu minni á innan við 5 mínútum en nei það gekk ekki heldur tók það um það bil hálfan dag að fá svar gegnum þjónustufulltrúa. ERU STARFSMENN REYKJAVÍKURBORGAR EKKI TIL FYRIR BORGARBÚA? VINSAMLEGA SITJIÐ EKKI Í TURNI YKKAR ÓAÐGENGIRLEGIR FYRIR ÞÁ SEM GREIÐA LAUNIN YKKAR.
- Alltof lítil þjónusta, lélegur svartími. Það er almennt of mikil vaðgirðing sett utan um starfsmenn borgarinnar.
- Ábendingum lítt fylgt eftir.
- Baðum rafmagnsteikningar þekkti þetta ekki sjálfur og fékk ekki aðstoð við að tina rafmagnsteikningar úr bunka af allskonar teikningum. Fékk einhvern viðstaddan viðskiptavin til að hjálpa mér.

*Aðeins þeir sem svöruðu að þeir hefðu nýtt sér þjónustunúmer eða þjónustuver Reykjavíkur (Sp. 33) fengu þessa spurningu.



Sp. 36. Viltu taka eitthvað annað fram í sambandi við þjónustuver Borgartúni eða símaver 4-11-11-11?*

ALMENNT NEIKVÆTT - FRH.

- Ágætis fólk þar í alla staði. Einstaka fúl kona ef þú kemur nær kl. 16.00. Vilja þá ekki þjónusta mann þó að það eigi að vera opið til kl. 16:15. Fá ekkert greitt eftir kl. 16:15 svo þær vilja ganga frá sem fyrst.
- Bara almennt lélegt og lágt þjónustusvið.
- Betri persónulega þjónusta á gólfi.
- Ef skilin eru eftir skilaboð um að sá sem reynt er að ná í hringi til baka, koma þau símtil mjög seint.
- Ekkert var gert í ábendingu minni þegar ég sendi hana og var þá búin að benda á í tæp 10 ár.
- Ekki hægt að afgreiða fyrirspurnir varðandi fasteignagjöld í gegnum síma, sem er fátallegt!
- Engin eftirfylgni er með því að mál sem tilkynnt eru séu kláruð.
- Ég get alveg eins talað við vegginn.
- Ég kvartaði undan sorppokum/garðaúrgangi sem hafði verið á gangstétt í götunni í marga mánuði. Var lofað að þessu yrði komið til þeirra sem sæju um hverfið. Engin viðbrögð og sorpið ekki fjarlæggt.
- Finnst símsvörun góð, en í afgreiðslunni finnst mér eins og enginn hafi þekkingu á neinu.
- Finnst starfsfólk oft vera í vondu skapi.
- Gatnakerfi borgarinnar er í rúst! Kvörtunum svarað með hroka!
- Hafði samband vegna þess hve illa er hirt um trjábeði hve finnu en ekkert gerðist.
- Hef beðið um að hreinsa og laga tröppur milli Háaleitisbrautar og Síðumúla, snyrta gróður við göngustíg milli Háaleitisbrautar og Síðumúla og hirða Aspírnar þar. Það er eins og tala í tóma tunnu.
- Hef bæði hringt og sent inn ábendingar á vefsíðu varðandi garðslát á opnum svæðum í hverfinu mínu, en ekkert gerðist í kjölfarið og ekki var leyst úr málunum :(.).
- Hroki og leiðinlegt viðmót í síma þegar maður er að leita aðstoðar. Sérstaklega hjá heimþjónustu og velferðarsviði.
- Konan sem ég talaði við var mjög illa upplýst um viðfangsefnið sem tengdist leikskólasviði og hvern væri best að ráðfæra sig við.
- Kurteist fólk en ekkert gerist í framhaldi samtalanna/þarf að hringja oft vegna sama erindis.
